



Byrjendalæsi er kennsluáferð ætluð til lestrarkennslu meðal yngri barna.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi nær til allra þátta móðurmálsins og er unnið með lestur, hlustun, tal og ritun sem eina heild. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, að textinn sé merkingarbær, örvi ímyndunarafli nemandans og hvetji til gagnrýnnar hugsunar. Jafnframt er áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun.

Vinnubrögð í Byrjendalæsi eru fjölbreytt og kalla á samvinnu nemenda. Þjálfun nemenda fer að talsverðu leyti fram í gegnum leik af ýmsu tagi. Aðferðin gerir ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og fellur hún því vel að einstaklingsmiðuðu námi. Allir fá sama grunn en einstaklingsþörfum er mætt innan nemendahópsins.

Byrjendalæsi skiptist í þrjú þrep. Í fyrsta þrepi er unnið með merkingarbæran texta, s.s. innihaldsríka sögu með ríkum orðaforða og góðum sögupræði. Sagan er lesin, hún rædd og farið í sérstök orð og hugtök sem reynst geta nemendum erfið. Í öðru þrepi Byrjendalæsis er unnið með tæknilega þætti tungumálsins. Þar er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni sem oft eru unnin á stöðvum og lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að rannsaka minni einingar textans, allt frá persónum eða sögupræði og niður í einstaka stafi og hljóð. Þriðja þrepið í Byrjendalæsi snýst um enduruppbyggingu. Þar er litið aftur til heildarinnar, lögð áhersla á ritun og sköpun sem byggð er á því sem gert var í fyrsta og öðru þrepi. Nemendur semja til dæmis framhald sögunnar, búa til leikþætti, skrifa persónulýsingar eða skrifa annað frá eigin brjósti sem snýr að textanum sem lagt var upp með í byrjun. Oftast tekur vinna með einn texta í gegnum öll þrjú þrepin um eina til tvær vikur.

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að þjálfast lestur öllum þrepum Byrjendalæsis og jafnframt er lögð áhersla á að nemendur hafi val um lesefni um leið og þeirra áhugasvið og styrkleikar eru nýttir í allri læsisvinnu.

Rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur ótvíræð jákvæð áhrif á gengi þeirra í námi almennt en þó sérstaklega í læsi. Mikilvægt er að foreldrar:

- Lesi með börnum sínum
- Lesi fyrir börn sín
- Hlusti á börnin sín lesa
- Ræði við börnin um efnið
- Rifji upp það sem síðast var lesið og ræði um hvað líklegt sé að gerist næst í sögunni
- Skoði myndir og ræði um þær og tengi efnið við daglegt líf fjölskyldunnar og barnsins

Erlendir foreldrar eiga að leggja áherslu á að lesa fyrir börn sín og hvetja þau til lestrar á móðurmáli sínu. Því betur sem barn kann móðurmál sitt, því betur gengur því að læra nýtt mál.

Miðstöð skólaþróunar og grunnskólarnir á Akureyri